

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILMÆLI RÁÐSINS

2019/EES/86/01

frá 22. maí 2017

um evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám og um niðurfellingu tilmæla Evrópuþingsins og ráðsins frá 23. apríl 2008 um að koma á fót evrópskum ramma um menntun og hæfi að því er varðar símenntun

(2017/C 189/03) (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 165. og 166. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Staðfestingar á menntun og hæfi þjóna margvíslegum tilgangi. Þær gefa vinnuveitendum til kynna hvað viðkomandi einstaklingur ætti að vita og vera fær um („hæfniviðmið“ (e. learning outcomes)). Þær geta verið forsenda fyrir aðgengi að tilteknum lögvernduðum starfsgreinum. Þær hjálpa yfirvöldum á sviði menntunar og þjálfunar sem og þeim sem menntun og þjálfun veita við að ákvarða í hvaða þrepi nám einstaklings er og inntak þess. Þær eru einnig mikilvægar fyrir einstaklinginn sem vottur um persónulegan árangur. Af þessum sökum eru staðfestingar á menntun og hæfi mikilvægar til að auka ráðningarhæfi, greiða fyrir hreyfanleika og aðgengi að frekari menntun.
- 2) Staðfestingar á menntun og hæfi eru formleg niðurstaða úr mats- og staðfestingarferli af hálfu lögbærs yfirvalds og eru venjulega á formi skjala á borð við vottorð eða prófskírteini. Þær staðfesta að einstaklingur hafi náð hæfniviðmiðum með fullnægjandi hætti. Þessum hæfniviðmiðum er hægt að ná eftir ýmsum leiðum, í formlegu, óformlegu eða formlausu umhverfi, hvort heldur er innanlands eða erlendis. Upplýsingar um hæfniviðmið ættu að vera aðgengilegar og gagnsæjar.
- 3) Í tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins frá 23. apríl 2008 um að koma á fót evrópskum ramma um menntun og hæfi að því er varðar símenntun⁽¹⁾ var komið á fót sameiginlegum viðmiðaramma með átta hæfisþrepum, settum fram í formi hæfniviðmiða þar sem færnin eykst með hverju þrepi. Þau nýtast sem tæki til að yfirfæra milli ólíkra hæfiskerfa (e. qualification systems) og þrepa þeirra. Tilgangur evrópska viðmiðarammans fyrir ævinám (EQF) er að bæta gagnsæi, sambærileika og flytjanleika staðfestinga á menntun og hæfi fólks.
- 4) Viðtækari markmið þessara tilmæla eru að stuðla að nútímavæðingu mennta- og þjálfunarkerfa og auka ráðningarhæfi, hreyfanleika og félagslega aðlögun launafólks og námsmanna. Markmið þeirra er enn fremur að tengja betur saman formlegt, óformlegt og formlaust nám og styðja við staðfestingu á hæfniviðmiðum sem einstaklingar ná í mismunandi umhverfi.
- 5) Aðildarríkin hafa þróað, eða eru að þróa, landsbundna ramma um menntun og hæfi sem byggjast á hæfniviðmiðum og tengja þá við evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám með tilvísunarferli. Þrep evrópska viðmiðarammans fyrir ævinám (EQF-þrep) og lýsingar á hæfniviðmiðum stuðla að auknu gagnsæi og sambærileika staðfestinga á menntun og hæfi hinna ýmsu landsbundnu kerfa. Þau stuðla einnig að því að menntun og þjálfun færist almennt yfir í þá átt að byggja á hæfniviðmiðum. Þegar vísað er í evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám ætti það að vera út frá landsbundnu römmunum um menntun og hæfi eða, þar sem þeir eru ekki fyrir hendi, landsbundnum hæfiskerfum (hér á eftir nefnt „landsbundnir ramma um menntun og hæfi eða hæfiskerfi“).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB C 189, 15.6.2017, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins (bíður birtingar).

(¹) Stjttíð. ESB C 111, 6.5.2008, bls. 1.

- 6) Staðfestingar á menntun og hæfi eru gagnsærri og samanburðarhæfari þegar þær eru settar fram í formi skjala sem fela í sér vísun í viðeigandi EQF-þrep og lýsingu á þeim hæfniviðmiðum sem viðkomandi hefur náð.
- 7) Breiður hópur hagsmunaaðila ætti að koma að því að hrinda evrópska viðmiðarammanum fyrir ævinám í framkvæmd á vettvangi Sambandsins og á landsvísu til að tryggja honum víðtækan stuðning. Meðal helstu hagsmunaaðila eru allir námsmenn, þeir sem veita menntun og þjálfun, yfirvöld sem staðfesta menntun og hæfi, aðilar á sviði gæðatryggingar, vinnuveitendur, stéttarfélag, samtök iðnaðar, verslunar og iðngreina, aðilar sem koma að viðurkenningu á fræðilegri og faglegri menntun og hæfi, vinnumiðlanir og aðilar sem veita þjónustu við aðlögun innflytjenda.
- 8) Í skýrslu sinni til Evrópuþingsins og ráðsins frá 19. desember 2013 um þróun evrópska viðmiðarammans fyrir ævinám ályktaði framkvæmdastjórnin að evrópski viðmiðaramminn væri almennt viðurkenndur sem viðmið til að þróa landsbundna ramma um menntun og hæfi, koma aðferðafræði hæfniviðmiða í framkvæmd og bæta gagnsæi og viðurkenningu á færni og hæfni. Í henni var lögð áhersla á að Sambandið ætti að gera námsmönnum og launafólki kleift að gera færni sína og hæfni sýnilegri, óháð því hvar þeir öðluðust hana.
- 9) Framkvæmdastjórnin ályktaði einnig í skýrslunni að ráðgjafarhópurinn fyrir evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám hefði veitt skilvirkar leiðbeiningar við landsbundin tilvísunarferli og skapað traust og skilning meðal þátttökulandanna. Hún ályktaði enn fremur að árangur landstengiliða fyrir evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám færi að miklu leyti eftir því hve nán tengsl þeir hefðu við stjórn tilvísunarferlisins á landsvísu.
- 10) Í ljósi þessa jákvæða mats á ráðgjafarhópnum fyrir evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám skiptir það höfuðmáli fyrir samfellda, gagnsæja og samræmda framkvæmd þessara tilmæla að hann haldi áfram störfum.
- 11) Gagnsæi og viðurkenning á færni og staðfestingum á menntun og hæfi eru meðal nýrra forgangsverkefna samkvæmt sameiginlegri skýrslu ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 2015 um framkvæmd stefnurammans fyrir Evrópusamstarf á sviði menntunar og þjálfunar (ET 2020). Í skýrslunni er lögð áhersla á að þróa ætti evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám enn frekar til þess að gera staðfestingar á menntun og hæfi gagnsærri og samanburðarhæfari. Að því er varðar nýlega komna innflytjendur er í henni einnig lögð áhersla á að fyrirbyggjandi tæki í þágu gagnsæis gætu nýst til að auka skilning á erlendum staðfestingum á menntun og hæfi í Sambandinu og öfugt.
- 12) Evrópski viðmiðaramminn fyrir ævinám og landsbundnir ramar um menntun og hæfi eða hæfiskerfi sem vísa í hann, geta stutt við gildandi viðurkenningaraðferðir í krafti þess aukna trausts, skilnings og sambærileika á staðfestingum á menntun og hæfi sem þeir hafa í för með sér. Þetta getur auðveldað viðurkenningarferlið í þágu náms og starfa. Heildarrammar um menntun og hæfi eins og evrópski viðmiðaramminn fyrir ævinám gætu gagnast sem upplýsingatæki í þágu viðurkenningaraðferða, eins og fram kemur í tilmælum um notkun viðmiðaramma um menntun og hæfi við viðurkenningu á erlendum staðfestingum á menntun og hæfi, sem samþykkt voru samkvæmt samningnum um viðurkenningu á menntun og hæfi á æðra skólastigi á Evrópusvæðinu.
- 13) Landsbundnir ramar um menntun og hæfi og hæfiskerfi taka breytingum með tímanum, af þeim sökum ætti að endurskoða og uppfæra vísanir í evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám hvenær sem við á.
- 14) Traust á gæðum og þrepi staðfestinga á menntun og hæfi sem eru hluti af landsbundnum römmum um menntun og hæfi eða hæfiskerfum sem vísa í evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám (hér á eftir nefnt „staðfestingar á menntun og hæfi með vísun í EQF-þrep“), er mjög mikilvægt til að styðja hreyfanleika námsmanna og launafólks innan sviða og milli þeirra og innan landfræðilegra marka og yfir þau. Í tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins frá 23. apríl 2008 um að koma á fót evrópskum ramma um menntun og hæfi að því er varðar símenntun var að finna sameiginlegar meginreglur um gæðatryggingu að því er varðar æðri menntun og starfsmenntun og -þjálfun. Í þeim er ábyrgð aðildarríkjanna á fyrirkomulagi gæðatrygginga, sem gilda um landsbundnar staðfestingar á menntun og hæfi, virt í samræmi við nálægðarregluna. Kröfur og leiðbeiningar um gæðatryggingu á evrópsku svæði æðri menntunar og evrópski viðmiðunarramminn til að tryggja gæði starfsmenntunar mynda grundvöll slíkra sameiginlegra meginreglna.
- 15) Kanna mætti möguleikann á að þróa skrá yfir aðila sem hafa eftirlit með gæðatryggingarkerfum um staðfestingar á menntun og hæfi utan sviðs æðri menntunar.
- 16) Námsseiningakerfi geta auðveldað námsframvindu einstaklinga með því að greiða fyrir sveigjanlegum námsleiðum og því að þeir geti flust milli mismunandi þrepa og tegunda menntunar og þjálfunar og yfir landamæri, og gera námsmönnum kleift að safna upp og flytja áfram mismunandi lærdóm byggðan á hæfniviðmiðum sem náð er í mismunandi námsumhverfi, þ.m.t. námi á Netinu, óformlegu og formlausu námi. Aðferðafræði hæfniviðmiða getur einnig auðveldað útfærslu, veitingu og mat á fullri staðfestingu á menntun og hæfi eða þáttum hennar.

- 17) Námseiningakerfi, bæði á landsvísu og á evrópskum vettvangi, eru notuð í stofnanalegu samhengi s.s. í æðri menntun eða starfsmenntun og -þjálfun. Á Evrópuvettvangi hefur evrópska viðurkenningarkerfið fyrir námseiningar verið þróað fyrir æðri menntun á evrópsku svæði æðri menntunar. Að því er varðar starfsmenntun og -þjálfun hefur evrópska einingakerfið fyrir starfsmenntun verið þróað í samræmi við tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins frá 18. júní 2009 um að koma á fót Evrópska einingakerfinu fyrir starfsmenntun (ECVET) ⁽¹⁾. Stuðla mætti að tengingum milli landsbundinna ramma um menntun og hæfi og námseiningakerfa, eftir því sem við á.
- 18) Umframhæfi og vannýtt vinnuafli er enn mikið meðal ríkisborgara þriðju landa með menntun á háskólastigi enda þótt réttarreglur Sambandsins um löglega fólksflutninga og hæli kveði á um jafna meðferð á við þá sem ríkisborgarar njóta að því er varðar viðurkenningar á staðfestingum á menntun og hæfi og jafnvel um ráðstafanir til að liðka fyrir að því er varðar þá sem njóta alþjóðlegrar verndar í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/95/ESB ⁽²⁾. Samstarf milli Sambandsins og þriðju landa um gagnsæi staðfestinga á menntun og hæfi getur stuðlað að aðlögun innflytjenda á vinnumörkuðum Sambandsins. Í ljósi vaxandi straums fólksflutninga til og frá Sambandinu er þörf á bættum skilningi og réttmætri viðurkenningu á staðfestingum á menntun og hæfi sem veittar eru utan Sambandsins.
- 19) Meginþættir evrópska viðmiðarammans fyrir ævinám, nánar tiltekið aðferðafræði hæfniviðmiða, skilgreining á lýsingum þrepa og innleiðing viðmiðana fyrir vísanir, sem þróaðar voru af ráðgjafarhópnum fyrir evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám, hafa veitt innblástur við þróun lands- og svæðisbundinna ramma um menntun og hæfi um allan heim. Sífellt fleiri þriðju lönd og svæði leitast eftir nánari tengslum milli sinna eigin ramma um menntun og hæfi og evrópska viðmiðarammans fyrir ævinám.
- 20) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB ⁽³⁾ er kveðið á um að með framseldri gerð framkvæmdastjórnarinnar megi ákvarða sameiginlega námsramma fyrir lögverndaðar starfsgreinar sem verði þannig sameiginleg umgjörð þekkingar, færni og hæfni. Sameiginlegir námsrammar eiga að byggjast á þrepum evrópska viðmiðarammans fyrir ævinám. Tilvísun til EQF-þrepa í staðfestingum á menntun og hæfi á ekki að hafa áhrif á aðgang að vinnumarkaði í þeim tilvikum þegar fagleg menntun og hæfi hefur verið viðurkennd í samræmi við tilskipun 2005/36/EB.
- 21) Í rammanum um menntun og hæfi fyrir evrópskt svæði æðri menntunar eru lýsingar á stuttu námi (e. short cycle) (sem getur tengst fyrsta þrepi eða verið hluti af því), fyrsta, öðru og þriðja háskólaþrepi (e. cycles of higher education). Sérhver þrepalýsing felur í sér yfirlýsingu um þann árangur og þá getu sem tengd er þeim staðfestingum á menntun og hæfi sem veittar eru við lok þess þreps. Evrópski viðmiðaramminn fyrir ævinám er samrýmanlegur rammanum um menntun og hæfi fyrir evrópskt svæði æðri menntunar og lýsingum hans á þrepum. Stuttu námið (sem getur tengst fyrsta þrepi eða verið hluti af því) og fyrsta, annað og þriðja þrep í rammanum um menntun og hæfi fyrir evrópskt svæði æðri menntunar, samsvara 5.–8. EQF-þrepi.
- 22) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2241/2004/EB ⁽⁴⁾ auðveldar fólki að gera betur grein fyrir færni sinni, hæfni og menntun og hæfi.
- 23) Framkvæmdastjórnin er að þróa evrópskt flokkunarkerfi fyrir færni, hæfni, menntun og hæfi og starfsgreinar (ESCO-flokkunarkerfið). Valkvæð notkun þess gæti stutt bættu tengingu milli menntunar og starfa. Gögn sem aðildarríkin hafa þróað í tengslum við evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám gætu gagnast sem innlegg í þetta flokkunarkerfi.
- 24) Almennigur ætti að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um ferlið við vísun landsbundinna ramma um menntun og hæfi eða hæfiskerfa í evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám og um staðfestingar á menntun og hæfi með vísun í EQF-þrep. Notkun sameiginlegrar gagnaskipanar og gagnasniða myndi stuðla að því að ná þessu markmiði. Hún myndi einnig auðvelda skilning og notkun birtra upplýsinga um staðfestingar á menntun og hæfi.
- 25) Samfella, fylld og samlegðaráhrif ættu að ríkja á landsvísu og á vettvangi Sambandsins milli framkvæmdar evrópska viðmiðarammans fyrir ævinám, landsbundinna ramma um menntun og hæfi eða hæfiskerfa og tækja í þágu gagnsæis og viðurkenningar á færni, hæfni og staðfestinga á menntun og hæfi, m.a. þeirra sem varða gæðatryggingu, uppsöfnun og flutning námseininga, og tækja sem þróuð eru í tengslum við evrópskt svæði æðri menntunar í þágu gagnsæis og viðurkenningar á færni, hæfni og staðfestingum á menntun og hæfi.

⁽¹⁾ Stjútð. ESB C 155, 8.7.2009, bls. 11.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/95/ESB frá 13. desember 2011 um kröfur, sem ríkisborgarar þriðju landa eða ríkisfangslausir einstaklingar þurfa að uppfylla til að njóta alþjóðlegrar verndar, um samræmda réttarstöðu flóttamanna eða fólks sem á rétt á viðbótarvernd og um efni þeirrar verndar sem veitt er (Stjútð. ESB L 337, 20.12.2011, bls. 9).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (Stjútð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22).

⁽⁴⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2241/2004/EB frá 15. desember 2004 um samræmdan lagaramma Bandalagsins um gagnsæi menntunar og hæfni (evrópskt starfsmenntavegabréf) (Stjútð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 6).

- 26) Þróun evrópska viðmiðarammans fyrir ævinám ætti að vera í fullu samhengi við það Evrópusamstarf á sviði menntunar og þjálfunar sem þegar er fyrir hendi samkvæmt stefnuramma ET 2020 og evrópska framtíðarstefnu á sviði menntamála.
- 27) Þessi tilmæli koma ekki í stað landsbundinna ramma um menntun og hæfi eða hæfiskerfa og eru ekki skilgreining á þeim. Evrópski viðmiðaramminn fyrir ævinám lýsir ekki tilteknum staðfestingum á menntun og hæfi eða hæfni tiltekins einstaklings og tilteknar staðfestingar á menntun og hæfi ættu að vísa til viðeigandi EQF-þreps um viðeigandi landsbundin hæfiskerfi.
- 28) Með tilmælum þessum er evrópski viðmiðaramminn fyrir ævinám styrktur í sessi sem sameiginlegur viðmiðarammi með átta þrepum, settum fram í formi hæfniviðmiða, sem notaður er sem tæki til að yfirfæra milli ólíkra ramma um menntun og hæfi eða hæfiskerfa og þrepa þeirra.
- 29) Þar eð þessi tilmæli eru ekki bindandi samrýmast þau nálagðarreglunni og meðalhófsreglunni með því að styðja og koma til viðbótar aðgerðum aðildarríkjanna og með því að auðvelda frekari samvinnu þeirra á milli til þess að auka gagnsæi, sambærileika og flytjanleika staðfestinga á menntun og hæfi fólks. Þau ætti að framkvæma í samræmi við landslög og venjur.

LEGGUR TIL AÐ AÐILDARRÍKIN, Í SAMRÆMI VIÐ AÐSTÆÐUR Í HVERJU LANDI:

1. láti landsbundna ramma sína um menntun og hæfi eða hæfiskerfi vísa í evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám og noti hann til að bera saman allar tegundir og þrep staðfestinga á menntun og hæfi í Sambandinu sem eru hluti af landsbundnum römmum um menntun og hæfi eða hæfiskerfum, einkum með vísun hæfisþrepa sinna í þrep evrópska viðmiðarammans fyrir ævinám eins og sett er fram í II. viðauka og með því að nota viðmiðanirnar sem settar eru fram í III. viðauka,
2. endurskoði og uppfæri, eftir því sem við á, vísun þrepa landsbundnu rammanna um menntun og hæfi eða hæfiskerfanna í þrep evrópska viðmiðarammans fyrir ævinám sem sett eru fram í II. viðauka og noti viðmiðanirnar sem settar eru fram í III. viðauka, að teknu tilhlýðilegu tilliti til aðstæðna í hverju aðildarríki fyrir sig,
3. tryggi að staðfestingar á menntun og hæfi með vísun í EQF-þrep séu í samræmi við sameiginlegu meginreglurnar vegna gæðatryggingar sem settar eru fram í IV. viðauka, án þess að það hafi áhrif á landsbundnar meginreglur um gæðatryggingu sem gilda um landsbundnar staðfestingar á menntun og hæfi,
4. stuðli, eftir því sem við á, að tengingu milli námseiningakerfa og landsbundinna ramma um menntun og hæfi eða hæfiskerfa að teknu tilliti til sameiginlegu meginreglnanna um námseiningakerfi sem settar eru fram í V. viðauka, án þess að það hafi áhrif á ákvarðanir hvers ríkis um að i. nýta sér námseiningakerfi og ii. tengja þau við landsbundna ramma um menntun og hæfi eða hæfiskerfi. Þessar sameiginlegu meginreglur leiða ekki til sjálfkrafa viðurkenningar á staðfestingum á menntun og hæfi,
5. geri ráðstafanir, eftir því sem við á, til að öll ný skjöl um staðfestingu á menntun og hæfi sem lögbær yfirvöld gefa út (t.d. vottorð, prófskírteini eða viðaukar við þau) og/eða skrár yfir staðfestingar á menntun og hæfi innihaldi skýra vísun í viðeigandi EQF-þrep,
6. geri niðurstöður tilvísunarferlisins aðgengilegar almenningi á landsvísu og á vettvangi Sambandsins og, ef unnt er, tryggi að upplýsingar um staðfestingar á menntun og hæfi og hæfniviðmið þeirra séu aðgengilegar og birtar, með því að nota gagnareiti í samræmi við VI. viðauka,
7. hvetji til þess að aðilar vinnumarkaðarins, opinberar vinnumiðlanir, aðilar sem veita menntun, aðilar á sviði gæðatryggingar og opinber yfirvöld noti evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám til að auðvelda samanburð á staðfestingum á menntun og hæfi og gagnsæi hæfniviðmiða,
8. tryggi áframhald og samræmingu verkefna landstengiliða evrópska viðmiðarammans fyrir ævinám. Helstu verkefni landstengiliða fyrir evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám eru að styðja landsbundin yfirvöld við vísun landsbundinna ramma um menntun og hæfi eða hæfiskerfa í evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám og færa rammann nær einstaklingum og stofnunum,

LEGGUR TIL AÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNIN, Í SAMVINNU VIÐ AÐILDARRÍKI OG HAGSMUNAAÐILA Í RÁÐGJAFARHÓPNUM FYRIR EVRÓPSKA VIÐMIÐARAMMANN FYRIR ÆVINÁM:

9. styðji við samræmi í frekari framkvæmd evrópska viðmiðarammans fyrir ævinám í aðildarríkjunum með því að bera saman og ræða aðferðafræðina sem notuð er við að ákvarða þrep staðfestinga á menntun og hæfi í landsbundnum römmum um menntun og hæfi eða hæfiskerfum, að teknu tilhlýðilegu tilliti til aðstæðna í hverju aðildarríki fyrir sig,
10. styðji, að teknu tilhlýðilegu tilliti til aðstæðna í hverju aðildarríki fyrir sig, við þróun aðferðafræði til að lýsa hæfniviðmiðum, nota þau og beita þeim til að auka gagnsæi, sem og skilning á og sambærileika staðfestinga á menntun og hæfi,
11. styðji við að innleiddar séu valfrjálsar verklagsreglur við að ákvarða þrep alþjóðlegra staðfestinga á menntun og hæfi út frá landsbundnum römmum um menntun og hæfi eða hæfiskerfum og að stofnað sé til upplýsingaskipta og samráðs milli aðildarríkja um þessar verklagsreglur til að tryggja samkvæmni,

12. þrói leiðbeiningar um það hvernig evrópska viðmiðarammans fyrir ævinám skuli getið, einkum hvernig skuli setja fram EQF-þrepin á nýjum vottorðum, prófskírteinum og viðaukum sem gefin eru út, og/eða í skráum yfir staðfestingar á menntun og hæfi, í samræmi við landsbundin kerfi og reglur um vottorð og prófskírteini,
13. kanni möguleika á þróun og beitingu viðmiðana og verklagsreglna til að hægt sé, í samræmi við alþjóðasamninga, að bera lands- og svæðisbundna ramma þriðju landa um menntun og hæfi saman við evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám,
14. komi á jafningjafraeðslu og skiptum á bestu starfsvenjum milli aðildarríkjanna og, eftir því sem við á, auðveldi jafningjaráðgjöf að beiðni aðildarríkjanna,

LEGGUR TIL AÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNIN:

15. tryggi að framkvæmd þessara tilmæla sé studd aðgerðum sem eru fjármagnaðar af viðeigandi áætlunum Sambandsins,
16. tryggi skilvirka stjórnarhætti við framkvæmd evrópska viðmiðarammans fyrir ævinám með því að viðhalda og styðja að fullu ráðgjafarhópinum fyrir rammann, sem settur var á fót 2009 og sem skipaður er fulltrúum aðildarríkjanna og annarra þátttökulanda, aðilum vinnumarkaðarins og öðrum hagsmunaaðilum eins og við á. Ráðgjafarhópurinn fyrir evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám ætti að tryggja heildarsamræmi ferlisins við vísun landbundinna ramma um menntun og hæfi eða hæfiskerfa í evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám og stuðla að gagnsæi og trausti á ferlinu,
17. gefi skýrslu um framvinduna eftir að þessi tilmæli hafa verið samþykkt, eins og við á, í tengslum við viðeigandi stefnuramma um menntun, þjálfun og atvinnumál,
18. skoði og meti, í samvinnu við aðildarríkin og að höfðu samráði við hlutaðeigandi hagsmunaaðila, þær aðgerðir sem gripið er til sem viðbrögð við þessum tilmælum, og leggi skýrslu fyrir ráðið, eigi síðar en 2022, um fengna reynslu og áhrif til framtíðar, m.a. hugsanlegt endurmat og endurskoðun á þessum tilmælum ef þörf krefur.

Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins frá 23. apríl 2008 um að koma á fót evrópskum ramma um menntun og hæfi að því er varðar símenntun eru felld úr gildi.

Gjört í Brussel 22. maí 2017.

Fyrir hönd ráðsins,

E. BARTOLO

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar

Í þessum tilmælum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „*staðfesting á menntun og hæfi*“: formleg niðurstaða úr mats- og staðfestingarferli sem fæst þegar lögbært yfirvald ákvarðar að einstaklingur hafi náð hæfniviðmiðum með fullnægjandi hætti,
- b) „*landsbundið hæfiskerfi*“: allir þættir í starfsemi aðildarríkis sem tengjast viðurkenningu á námi og annað fyrirkomulag sem tengir menntun og þjálfun við vinnumarkaðinn og borgaralegt samfélag. Í þessu felst m.a. þróun og framkvæmd fyrirkomulags og aðferða stofnana sem varða gæðatryggingu, mat og veitingu staðfestinga á menntun og hæfi. Landsbundið hæfiskerfi getur verið samsett úr mörgum undirkerfum og falið í sér landsbundinn ramma um menntun og hæfi,
- c) „*landsbundinn rammi um menntun og hæfi*“: tæki til þess að flokka staðfestingar á menntun og hæfi samkvæmt viðmiðunum fyrir tiltekin námsþrep sem lokið er, sem miðast við að samþætta og samræma landsbundin undirkerfi menntunar og hæfis og bæta gagnsæi, aðgang, framvindu og gæði staðfestinga á menntun og hæfi með tilliti til vinnumarkaðarins og borgaralegs samfélags,
- d) „*alþjóðleg staðfesting á menntun og hæfi*“: staðfesting á menntun og hæfi, sem veitt er af alþjóðlegum aðila með lagalega staðfestu (félagi, samtökum eða stofnun, geira eða fyrirtæki) eða af landsbundnum aðila sem kemur fram fyrir hönd alþjóðlegs aðila, og sem notuð er í fleiri en einu landi og tekur til hæfniviðmiða sem metin eru með vísun til staðla sem settir eru af alþjóðlegum aðila,
- e) „*hæfniviðmiði*“: yfirlýsingar um hvað námsmaður veit, skilur og getur gert eftir að hafa lokið námsferli, sem eru skilgreind með tilliti til þekkingar, færni, ábyrgðar og sjálfstæðis,
- f) „*þekking*“: árangur af tileinkun upplýsinga í námi. Þekking er samansafn staðreynda, meginreglna, kenninga og aðferða sem eru tengdar atvinnu- eða námssviði. Í tengslum við evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám er þekkingu lýst þannig að hún sé fræðileg og/eða byggja á staðreyndum,
- g) „*færni*“: geta til þess að beita þekkingu og nota verkunnáttu til þess að ljúka verkefnum og leysa vandamál. Í tengslum við evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám er færni lýst þannig að hún sé vitsmunaleg (felur í sér notkun rökhugsunar, innsæis og skapandi hugsunar) eða hagnýt (felur í sér handlagningu og notkun aðferða, efnis, verkfæra og tækja),
- h) „*ábyrgð og sjálfstæði*“: geta námsmannsins til að beita þekkingu og færni með sjálfstæðum og ábyrgum hætti,
- i) „*hæfni*“: geta, sem sýnt hefur verið fram á, til þess að nota þekkingu, færni og persónulega, félagslega og/eða aðferðafræðilega hæfileika við vinnu eða nám og til fagþróunar og einstaklingsþroska,
- j) „*staðfesting á óformlegu og formlausu námi*“: ferli, þar sem lögbært yfirvald staðfestir að einstaklingur hafi náð hæfniviðmiðum í óformlegu og formlausu námsumhverfi sem eru mæld út frá viðeigandi staðli, sem samanstendur af eftirfarandi fjórum aðgreindum áföngum: sanngreiningu á sérstakri reynslu einstaklings með viðtölum, skjalfestingu til að leiða reynslu einstaklingsins í ljós, formlegu mati á þessari reynslu og útgáfu vottorðs um niðurstöður matsins sem getur leitt til fullrar staðfestingar á menntun og hæfi eða að hluta til,
- k) „*formleg viðurkenning á að hæfniviðmiðum sé náð*“: ferli þar sem lögbært yfirvald skjalfestir að hæfniviðmiðum sé náð vegna frekara náms eða starfs með i. útgáfu staðfestinga á menntun og hæfi (vottorða, prófskírteina eða titla), ii. staðfestingu á óformlegu og formlausu námi, iii. staðfestingu jafngildis, veitingu námseininga eða undanþága,
- l) „*námseining*“: staðfesting á því að hluti staðfestingar á menntun og hæfi, sem samanstendur af samræmdri heild hæfniviðmiða, hafi verið metinn og staðfestur af lögbæru yfirvaldi samkvæmt samþykktum staðli; lögbær yfirvöld veita námseiningar þegar einstaklingurinn hefur náð skilgreindum hæfniviðmiðum, sem sýnt er fram á með viðeigandi mati og hægt er að gefa upp með mælanlegu gildi (t.d. námseiningum eða punktum) sem gefur til kynna það áætlaða vinnuframlag einstaklings sem yfirleitt þarf til þess að ná viðkomandi hæfniviðmiðum,

- m) „*námseiningakerfi*“: gagnsæistæki til að greiða fyrir viðurkenningu á námseiningu(m). Þessi kerfi geta m.a. falið í sér jafngildi, undanþágur, einingar/hluta sem er hægt að safna upp og flytja, sjálfstæði þeirra sem veita menntun til að einstaklingsmiða námsbrautir og staðfestingu á óformlegu og formlausu námi,
- n) „*flutningur námseininga*“: ferli sem gerir einstaklingum, sem hafa safnað upp námseiningum í tilteknu samhengi, kleift að fá þær metnar og viðurkenndar í öðru samhengi.
-

II. VIÐAUKI

Lýsingar sem skilgreina þrepin í evrópska viðmiðarammanum fyrir ævinám

Öll átta þrepin eru skilgreind með röð lýsinga sem gefa til kynna þau hæfniviðmið sem eiga við um staðfestingar á menntun og hæfi á viðkomandi þrepi í öllum hæfiskerfum.

	Þekking	Færni	Ábyrgð og sjálfstæði
	Í tengslum við evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám er þekkingu lýst þannig að hún sé fræðileg og/eða byggj á staðreyndum.	Í tengslum við evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám er færni lýst þannig að hún sé vitsmunaleg (sem felur í sér notkun rökhusunar, innsæis og skapandi hugsunar) eða hagnýt (sem felur í sér handlagni og notkun aðferða, efnis, verkfæra og tækja).	Í tengslum við evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám er ábyrgð og sjálfstæði lýst sem getu námsmannsins til að beita þekkingu og færni með sjálfstæðum og ábyrgum hætti.
1. þrep Hæfniviðmiðin sem eiga við 1. þrep eru	almenn grunnþekking	grunnfærni sem er nauðsynleg til að geta leyst einföld verkefni	vinna eða nám undir beinu eftirliti í skipulögðu umhverfi
2. þrep Hæfniviðmiðin sem eiga við 2. þrep eru	þekking á grunnstaðreyndum á ákveðnu sviði í vinnu eða námi	grunnfærni, vitsmunaleg og hagnýt, sem er krafist til þess að nota viðeigandi upplýsingar til þess að vinna verkefni og leysa dagleg vandamál með notkun einfaldra reglna og tækja	vinna eða nám undir eftirliti en að einhverju leyti sjálfstætt
3. þrep Hæfniviðmiðin sem eiga við 3. þrep eru	þekking á staðreyndum, meginreglum, vinnsluferlum og almennum hugtökum á ákveðnu sviði í vinnu eða námi	ýmiss konar vitsmunaleg og hagnýt færni, sem þarf til þess að ljúka verkefnum og leysa vandamál, með því að velja og beita grunnaðferðum, tækjum, efni og upplýsingum	að bera ábyrgð á að ljúka verkefnum í vinnu eða námi að laga eigin hegðun að aðstæðum til að leysa vandamál
4. þrep Hæfniviðmiðin sem eiga við 4. þrep eru	þekking sem byggist á staðreyndum og fræðileg þekking í víðu samhengi á ákveðnu sviði í vinnu eða námi	ýmiss konar vitsmunaleg og hagnýt færni sem þarf til þess að finna lausnir á sértækum vandamálum á ákveðnu sviði í vinnu eða námi	að stjórna vinnu sinni sjálfur innan ramma viðmiðunarreglna í vinnu eða námi, sem oftast eru fyrirsjáanlegar en háðar breytingum að hafa eftirlit með venjubundnu starfi annarra, að bera að einhverju leyti ábyrgð á að meta og bæta starfsemi í vinnu eða námi

	Þekking	Færni	Ábyrgð og sjálfstæði
5. þrep (*) Hæfniviðmiðin sem eiga við 5. þrep eru	heildstæð og sértæk þekking, þekking sem byggist á staðreyndum og fræðileg þekking á ákveðnu sviði í vinnu eða námi og skilningur á mörkum þessarar þekkingar	heildstæð vitsmunaleg og hagnýt færni sem þarf til þess að þróa skapandi lausnir á óhlutbundnum vandamálum	að stjórna og hafa eftirlit með starfsemi sem er tengd vinnu og námi þar sem verða ófyrirsjáanlegar breytingar að endurskoða og bæta frammistöðu sína og annarra
6. þrep (**) Hæfniviðmiðin sem eiga við 6. þrep eru	ítarleg þekking á ákveðnu sviði í vinnu eða námi sem felur í sér mikilvægan skilning á kenningum og meginreglum	mikil færni, sem sýnir leikni og skapandi hugsun, sem þarf til þess að leysa flókin og ófyrirsjáanleg vandamál á sérhæfðu sviði í vinnu eða námi	að stýra flókinni tæknilegri starfsemi eða sérfræðistarfsemi eða verkefnum, bera ábyrgð á ákvarðanatöku við ófyrirsjáanlegar aðstæður í vinnu eða námi að bera ábyrgð á umsjón með fagþróun einstaklinga og hópa
7. þrep (***) Hæfniviðmiðin sem eiga við 7. þrep eru	afar sérhæfð þekking sem sum hver er í fremstu röð á ákveðnu sviði í vinnu eða námi, sem grundvöllur frumlegrar hugsunar og/eða rannsókna gagnrýnin vitund um ýmiss konar þekkingu á tilteknu sviði og á mörkum ólíkra sviða	sérhæfð færni til þess að leysa vandamál sem þarf í rannsóknum og/eða nýsköpun í því skyni að þróa nýja þekkingu og aðferðir og til að samþætta þekkingu frá ólíkum sviðum	að stýra og breyta aðstæðum í vinnu eða námi sem eru flóknar, ófyrirsjáanlegar og þarfnast nýrra stefnumótandi aðferða að bera ábyrgð á því að stuðla að fagþekkingu og faglegum starfsvenjum og/eða á því að endurmeta stefnumiðaða frammistöðu starfshópa
8. þrep (****) Hæfniviðmiðin sem eiga við 8. þrep eru	þekking í öndvegi á tilteknu sviði í vinnu eða námi sem og á mörkunum milli sviða	afar þróuð og sérhæfð færni og aðferðir, þ.m.t. nýmyndun og mat, sem þarf til þess að leysa erfið vandamál í rannsóknum og/eða nýsköpun og færa út og endurskilgreina fyrirbyggjandi þekkingu eða starfsvenjur	að sýna fram á umtalsverðan myndugleika, nýsköpun, sjálfstæði, fræðileg og fagleg heilindi og viðvarandi skuldbindingu við að þróa nýjar hugmyndir eða vinnsluferli sem eru í fremstu röð í vinnu eða námi, þ.m.t. rannsóknir

Samrýmanleiki við rammann um menntun og hæfi fyrir evrópskt svæði æðri menntunar

Í rammannum um menntun og hæfi fyrir evrópskt svæði æðri menntunar eru lýsingar á þremur þrepum, sem ráðherrar, sem bera ábyrgð á æðri menntun, samþykktu á fundi sínum í maí 2005 í Bergen innan ramma Bologna-ferlisins. Allar lýsingar á þrepum eru almennar yfirlýsingar um dæmigerðar væntingar um árangur og getu í tengslum við þær staðfestingar á menntun og hæfi sem fást við lok þess þreps.

(*) Lýsingin á stuttu námi (sem getur verið hluti af fyrsta þrepi eða tengst því), þróuð í sameiginlegu gæðaverkefni sem hluti af Bologna-ferlinu, samsvarar hæfniviðmiðum fyrir 5. þrep í evrópska viðmiðarammanum fyrir ævinám.

(**) Lýsingin á fyrsta þrepi samsvarar hæfniviðmiðum fyrir 6. þrep í evrópska viðmiðarammanum fyrir ævinám.

(***) Lýsingin á öðru þrepi samsvarar hæfniviðmiðum fyrir 7. þrep í evrópska viðmiðarammanum fyrir ævinám.

(****) Lýsingin á þriðja þrepi samsvarar hæfniviðmiðum fyrir 8. þrep í evrópska viðmiðarammanum fyrir ævinám.

*III. VIÐAUKI***Viðmiðanir og verklagsreglur við vísun landsbundinna ramma um menntun og hæfi eða hæfiskerfa í evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám**

1. Ábyrgð og/eða lagalegt valdsvið allra viðeigandi landsbundinna aðila, sem koma að tilvísunarferlinu, er skýrt afmarkað og birt af lögbærum yfirvöldum.
2. Skýr og sannanleg tenging er milli hæfisþrepa landsbundnu rammanna um menntun og hæfi eða hæfiskerfanna og lýsinga á þrepum evrópska viðmiðarammans fyrir ævinám.
3. Landsbundnir rammar um menntun og hæfi eða hæfiskerfi og staðfestingar þeirra á menntun og hæfi eru byggð á meginreglunni og markmiðinu um hæfniviðmið og tengd fyrirkomulaginu við staðfestingu á óformlegu og formlausu námi og, eftir því sem við á, námseiningakerfum.
4. Aðferðir við að fella staðfestingar á menntun og hæfi inn í landsbundinn ramma um menntun og hæfi eða við að lýsa staðsetningu staðfestinga á menntun og hæfi innan landsbundins hæfiskerfis eru gagnsæjar.
5. Landsbundið eða landsbundin gæðatryggingarkerfi fyrir menntun og þjálfun vísa til landsbundinna ramma um menntun og hæfi eða hæfiskerfa og eru í samræmi við meginreglur um gæðatryggingu eins og tilgreint er í IV. viðauka við tilmæli þessi.
6. Tilvísunarferlið skal innihalda yfirlýst samþykki viðeigandi aðila á sviði gæðatrygginga um að tilvísunarskýrslan sé í samræmi við viðeigandi fyrirkomulag, ákvæði og starfsvenjur varðandi gæðatryggingar í hverju aðildarríki.
7. Alþjóðlegir sérfræðingar skulu koma að tilvísunarferlinu og skýrslur um vísunina skulu innihalda skriflega yfirlýsingu a.m.k. tveggja alþjóðlegra sérfræðinga frá tveimur mismunandi löndum um tilvísunarferlið.
8. Lögbært yfirvald eða yfirvöld skulu votta vísun landsbundinna ramma um menntun og hæfi eða hæfiskerfa í evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám. Lögbær yfirvöld, þ.m.t. landstengiliðir fyrir evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám, skulu birta eina ítarlega skýrslu, þar sem gerð er grein fyrir vísuninni og rökunum fyrir henni, og þar sem fjallað er sérstaklega um hverja viðmiðun um sig. Hægt er að nota sömu skýrslu við sjálfvottun samkvæmt rammanum um menntun og hæfi fyrir evrópskt svæði æðri menntunar í samræmi við viðmiðanir hans um sjálfvottun.
9. Innan sex mánaða frá því að tilvísunarskýrslan er gerð eða uppfærð skulu aðildarríkin og önnur þátttökulönd birta tilvísunarskýrsluna og veita viðeigandi upplýsingar til að nota við samanburð á viðeigandi evrópskri vefgátt.
10. Í kjölfar tilvísunarferlisins ættu öll ný skjöl sem gefin eru út í tengslum við staðfestingar á menntun og hæfi sem eru hluti af landsbundnum römmum um menntun og hæfi eða hæfiskerfum (t.d. vottorð, prófskírteini eða viðaukar við þau) og/eða skrár yfir staðfestingar á menntun og hæfi sem lögbær yfirvöld hafa gefið út, að innihalda skýra vísun í viðeigandi EQF-þrep í gegnum landsbundna ramma um menntun og hæfi eða hæfiskerfi.

IV. VIÐAUKI

Meginreglur gæðatryggingar staðfestinga á menntun og hæfi sem eru hluti af landsbundnum römmum um menntun og hæfi eða hæfiskerfum sem vísa í evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám (EQF)

Allar staðfestingar á menntun og hæfi með vísun í EQF-þrep ættu að vera gæðatryggðar til að efla traust á gæðum þeirra og viðeigandi þrepi.

Í samræmi við landsbundnar aðstæður og með tilliti til mismunandi geira ætti gæðatrygging staðfestinga á menntun og hæfi með vísun í EQF-þrep ⁽¹⁾ ⁽²⁾ að:

1. taka til útfærslu staðfestinga á menntun og hæfi og beitingar á aðferðafræði hæfniviðmiða,
2. tryggja gilt og áreiðanlegt mat samkvæmt samþykktum og gagnsæjum stöðlum sem byggjast á hæfniviðmiðum og taka til vottunarferlisins,
3. fela í sér svörunaraðferðir og aðferðir til stöðugra úrbóta,
4. taka til allra viðeigandi hagsmunaaðila á öllum stigum ferlisins,
5. fela í sér samræmdar matsaðferðir sem sameina sjálfsmat og utanaðkomandi endurmat,
6. vera óaðskiljanlegur hluti innri stjórnunar aðila sem gefa út staðfestingar á menntun og hæfi með vísun í EQF-þrep, einnig með tilliti til starfsemi undirverktaka,
7. byggjast á skýrum og mælanlegum markmiðum, stöðlum og viðmiðunarreglum,
8. vera studd með viðeigandi tilföngum,
9. fela í sér reglubundna endurskoðun utanaðkomandi eftirlitsaðila eða -stofnana sem eru fyrir hendi og sinna gæðatryggingu,
10. fela í sér rafrænt aðgengi að niðurstöðum mats.

⁽¹⁾ Þessar sameiginlegu meginreglur eru að fullu samrýmanlegar evrópsku kröfunum og leiðbeiningunum um gæðatryggingu á evrópsku svæði æðri menntunar og evrópski gæðatryggingu á sviði starfsmenntunar og þjálfunar samkvæmt evrópska viðmiðunarrammanum til að tryggja gæði starfsmenntunar (EQAVET).

⁽²⁾ Með hliðsjón af aðstæðum í hverju landi fyrir sig eiga þessar meginreglur ef til vill ekki við um almennt nám.

V. VIÐAUKI

Meginreglur um námseiningakerfi er tengjast landsbundnum römmum um menntun og hæfi eða hæfiskerfum sem vísa í evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám (EQF) ⁽¹⁾

Evrópski viðmiðaramminn fyrir ævinám og landsbundnir rammar um menntun og hæfi eða hæfiskerfi ættu, með beitingu aðferðafræði hæfniviðmiða, að styðja betur við einstaklinga þegar þeir flytjast i. milli mismunandi þrepa menntunar og þjálfunar, ii. innan og milli sviða menntunar og þjálfunar, iii. milli menntunar og þjálfunar og vinnumarkaðarins og iv. innanlands og yfir landamæri. Með fyrirvara um ákvarðanir hvers ríkis um að i. nýta sér námseiningakerfi og ii. tengja þau við landsbundna ramma um menntun og hæfi eða hæfiskerfi ættu mismunandi námseiningakerfi, eftir því sem við á, að vinna með landsbundnum römmum um menntun og hæfi eða hæfiskerfum að því að styðja umskipti og greiða fyrir framvindu. Í þessu skyni ættu námseiningakerfi sem tengjast landsbundnum römmum um menntun og hæfi eða hæfiskerfum, eftir því sem við á, að virða eftirfarandi meginreglur:

1. Námseiningakerfi ættu að styðja sveigjanlegar námsleiðir í þágu einstakra námsmanna.
2. Við útfærslu og þróun staðfestinga á menntun og hæfi ætti að nota aðferðafræði hæfniviðmiða kerfisbundið til að auðvelda flutning (þátta) staðfestinga á menntun og hæfi og framvindu náms.
3. Námseiningakerfi ættu að greiða fyrir flutningi lærdóms sem byggður er á hæfniviðmiðum og fyrir framvindu námsmanna þvert á stofnanir og landamæri.
4. Námseiningakerfi ættu að vera studd skýrri og gagnsæri gæðatryggingu.
5. Námseiningar sem einstaklingur hefur lokið ættu að vera skjalfestar og þar ættu að koma fram þau hæfniviðmið sem hann hefur náð, heiti lögbærrar stofnunar sem veitir námseiningarnar og, ef við á, samsvarandi námseiningagildi.
6. Kerfi fyrir flutning og uppsöfnun námseininga ættu að leitast við að mynda samlegðaráhrif við fyrirkomulag staðfestingar á fyrra námi og vinna saman að því að auðvelda og stuðla að flutningi og framvindu.
7. Próa ætti og bæta námseiningakerfi með samvinnu milli hagsmunaaðila á viðeigandi landsbundnum vettvangi og vettvangi Sambandsins.

⁽¹⁾ Þessar sameiginlegu meginreglur eru að fullu samrýmanlegar evrópska viðurkenningarkerfinu fyrir námseiningar (ECTS) og evrópska einingakerfinu fyrir starfsmenntun (ECVET).

VI. VIÐAUKI

Atriði gagnareita fyrir rafræna birtingu upplýsinga um staðfestingar á menntun og hæfi með vísun í EQF-þrep

UPPLÝSINGAR			Tilskilið/Valkvætt
Heiti staðfestingar á menntun og hæfi			Tilskilið
Svið (*)			Tilskilið
Land/Svæði (kóði)			Tilskilið
EQF-þrep			Tilskilið
Lýsing á staðfestingu á menntun og hæfi (***)	annaðhvort	Þekking	Tilskilið
		Færni	Tilskilið
		Ábyrgð og sjálfstæði	Tilskilið
	eða	Svæði fyrir frjálsan texta þar sem lýst er hvað námsmanni er ætlað að vita, skilja og geta gert	Tilskilið
Útgáfuaðili eða lögbært yfirvald (**)			Tilskilið
Námseiningar/ígildi vinnuframlags sem þarf til að ná viðkomandi hæfniviðmiðum			Valkvætt
Innri gæðatryggingarferli			Valkvætt
Ytri gæðatryggingar-/eftirlitsaðili			Valkvætt
Frekari upplýsingar um staðfestinguna á menntun og hæfi			Valkvætt
Heimildir			Valkvætt
Tengill á viðeigandi viðbótargögn			Valkvætt
Veffang staðfestingarinnar á menntun og hæfi			Valkvætt
Tungumál upplýsinganna (kóði)			Valkvætt
Inntökuskilyrði			Valkvætt
Lokadagsetning (ef við á)			Valkvætt

UPPLÝSINGAR		Tilskilið/Valkvætt
Leiðir til að öðlast viðkomandi staðfestingu á menntun og hæfi		Valkvætt
Tengsl við starfsgreinar eða starfssvið		Valkvætt

(*) ISCED FoET2013

(**) Tilskildar lágmarksupplýsingar um útgáfuaðila eða lögbært yfirvald ættu að auðvelda leit að upplýsingum um hann/það og ættu að innihalda nafn hans/þess eða, ef við á, heiti hóps útgáfuaðila eða lögbærra yfirvalda, ásamt veffangi eða samskiptaupplýsingum.

(***) Þessi lýsing skal koma fram í svæðum fyrir frjálstan texta þar sem ekki er mælt fyrir um staðlaða hugtakanotkun og aðildarríkjunum er ekki skylt að þýða lýsinguna á önnur tungumál Evrópusambandsins.